



Reykjavíkurborg

Ársuppgjör 2022 – Kynning fyrir markaðsaðila 27. apríl 2023 –
Leiðrétt í samræmi við ársreikning sem samþykktur var 9. maí 2023
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og
Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Rekstrarumhverfi borgarinnar árið 2022

- Krefjandi efnahagsumhverfi
- Heimsfaraldur kórónaveiru líður undir lok
- Stríðið í Úkraínu skellur á
- Verðbólga eykst
- Viðsnúningur verður á vinnumarkaði
- Húsnæðisverð heldur áfram að stíga
- Stýrivextir hækkaðir
- Íbúum fjölgar um 3,1% í borginni
- Vanfjármögnun á lögbundnum verkefnum (málaflokkur fatlaðs fólks)
- Viðvarandi kostnaður í kjölfar Covid einkum á sviði velferðarmála
- Móttaka flóttamanna
- Rakavandamál í skólahúsnæði




A- og B-hluti Reykjavíkurborgar

Uppgjör 2022






Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta



- Rekstararniðurstaða A- og B- hluta var jákvæð um 6 ma.kr. sem var 3,1 ma.kr. verri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir
- Tekjur ársins voru 2,3 ma.kr. yfir áætlun eða 1,1% en tekjurnar voru 20,8 ma.kr. eða 10,3% hærri en á árinu 2021
- Rekstrargjöld án afskrifta voru 6,3 ma.kr. yfir fjárheimildum eða 3,5% en rekstrargjöldin jukust um 24 ma.kr. eða 15% milli ára
- EBITDA var jákvæð um 38,7 ma.kr. sem er 4 ma.kr. undir áætlun




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta



- Fjöldi starfandi í Reykjavík jókst um 7,2% á árinu 2022 sem að mestu má rekja til þess að atvinnuleysi vegna Covid-19 hefur að mestu leyti gengið til baka
- Laun og launatengd gjöld voru 656 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður og afskriftir voru 5,5 ma.kr.
- Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða voru 14,5 ma.kr. hærri en áætlað hafði verið




Fjármagnsliður A- og B-hluta



- Fjármagnsliður A- og B-hluta var neikvæður um 27,6 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 14,9 ma.kr. og frávikið því 12,7 ma.kr. umfram áætlun
- Vaxtagjöld og verðbætur námu 29,3 ma.kr., þar af námu verðbætur 19,2 ma.kr.
- Verðbólga á árinu var 9,9% en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 3,3% verðbólgu



Sjóðstreymi A- og B-hluta



- Veltufé frá rekstri nam 25,2 ma.kr. eða sem nemur 11,3% (11,6% 2021) og fjárfestingar ársins námu 50,1 ma.kr. Á móti voru tekjur af gatnagerðargjöldum og seldum byggingarétti 6,5 ma.kr.
- Lántaka ársins nam 30,8 ma.kr. og stofnframlög ársins voru 1,0 ma.kr.
- Afborganir lána og leiguskuldbindinga námu 23,2 ma.kr. á árinu.



Fjármálaireglur sveitarstjórnarlaga

Skv. sveitarstjórnarlögum ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Til þess er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálaireglum:



- 1. Jafnvægisviðmið:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2. Skuldaviðmið:** Reiknað samkvæmt 14. gr. reglugerðar 502/2012 skulu heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum.

Með lögum nr. 25/2020 sem sett voru til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru var sveitarstjórnnum heimilt að víkja frá þessum ákvæðum sveitarstjórnarlaga árin 2020 – 2022.

Með lögum nr. 22/2021 hefur þessi heimild verið framlengd til loka árs 2025.



Jafnvægis- og skuldaviðmið samkvæmt lögum



Vegna efnahagslegra áhrifa heimsfaraldur kórónaveiru er sveitastjórnnum heimilt að víkja frá þessum viðmiðum út árið 2025




A-hluti Reykjavíkurborgar

Uppgjör 2022





Rekstrarniðurstaða A-hluta




- Niðurstaða A-hluta var neikvæð um 15,6 ma.kr. sem var 12,8 ma.kr. verri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir
- Halli af málaflokki fatlaðs fólks nam 9,3 ma.kr. á árinu
- Samanlagður halli af málaflokki fatlaðs fólks á árunum 2011-2022 nemur 35,6 ma.kr.
- EBITDA var neikvæð um 2,2 ma.kr. sem var um 6,4 ma.kr. verri niðurstaða en áætlað var



Rekstrarniðurstaða A-hluta

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2022
og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)



- Skatttekjur voru 118,6 ma.kr. eða 280 m.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 1,5 ma.kr. yfir áætlun og hækkaði um 9,3 ma.kr. milli ára.
- Áætlað var að áfangi næðist í í samningum sveitarfélaga við ríkið vegna vanfjármögnunar á málaflokki fatlaðs fólks, sem ekki gekk eftir.
- Fjármagnsliður A-hluta nam 5,7 ma.kr. og var 5,9 ma.kr. yfir áætlun sem rekja má aðallega til verðbóta
- Laun og launatengd gjöld námu 91,5 ma.kr. og voru á pari við áætlun
- Beinn kostnaður vegna Covid-19 árið 2022 er áætlaður 1,1 ma.kr.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb nam 5,5 ma.kr. og var 2,8 ma.kr. yfir áætlun vegna verri ávöxtunar á eignum sjóðsins




Rekstur málaflokka A-hluta

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða 2022	Áætlun 2022	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	1.462	1.445	16	1%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	4.382	4.355	27	1%	3%
Íþróttá- og tómstundasvið	10.392	10.344	48	0%	8%
Menningar- og ferðamálasvið	6.248	6.201	47	1%	5%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	375	375	0	0%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	1.860	1.943	-82	-4%	1%
Skóla- og frístundasvið	69.483	67.603	1.881	3%	54%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	13.067	12.396	671	5%	10%
Velferðarsvið án bundinna liða	35.823	34.380	1.443	4%	28%
Velferðarsvið, bundnir liðir	4.196	4.443	-247	-6%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	3.052	3.050	2	0%	2%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga við LsRb	4.056	2.517	1.538	61%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	5.467	2.700	2.767	102%	4%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	159.864	151.752	8.112	5%	124%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					129.200
Eignaskrifstofa	-17.511	-17.752	241	-1%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ES	-4.485	-4.668	184	-4%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignarsjóðs	3.428	3.440	-11	0%	
Málaflokkar Eignarsjóðs samtals	-18.568	-18.981	414	-2%	




Fjármagnsliður A-hluta



- Fjármagnsliður A- hluta var neikvæður um 5,7 ma.kr. sem er 5,9 ma.kr. verri niðurstaða en gert var ráð fyrir
- Fjármunatekjur voru 4,9 ma.kr. sem var 868 m.kr. undir áætlun ársins og skýrist helst af lægri arðgreiðslum (578 m.kr. undir áætlun) og ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár (440 m.kr. undir áætlun)
- Fjármagnsgjöld voru 10,6 ma.kr. eða 5,0 ma.kr. yfir áætlun sem skýrist að nær öllu leyti af hærri verðbótum




Sjóðsreymi A-hluta



- Veltufé frá rekstri nam - 2.050 m.kr. eða -1,3% af tekjum (1,7% í áætlun)
- Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðagjöldum og seldum byggingarétti námu 19,5 ma.kr.
- Lántaka og ný stofnframlög var 19,4 ma.kr.
- Afborganir lána og leiguskuldbindinga námu 5,1 ma.kr. á árinu
- Handbært fé í árslok var 10,2 ma.kr.




Hreinar skuldir A-hluta



- Hreinar skuldir og skuldbindingar A-hluta jukust um rúma 34 ma.kr. á milli ára og skýrist m.a. af:
 - 14,3 ma.kr. lántöku umfram afborganir
 - 9,1 ma.kr. hækkun verðbóta
 - 2,8 ma.kr. hækkun á lífeyrisskuldbindingu umfram afborgun
 - 2,7 ma.kr. hækkun á viðskiptaskuldum og öðrum skuldum
 - 4,3 ma.kr. lækkun á veltufjármunum



Skuldaviðmið A-hluta



- Reiknað skuldaviðmið A-hluta með sömu aðferðafræði og í reglugerð 502/2012 var 77% í árslok 2022




Fjárhagsáætlun A-hluta 2023-2027

Samþykkt í borgarstjórn 6. desember 2022






Rekstrarniðurstaða A-hluta



- Áætlun gerir ráð fyrir halla á árinu 2023 að fjárhæð 6,0 ma.kr.
- Rekstrarniðurstaða verði orðin jákvæð frá og með árinu 2024 í samræmi við markmið fjármálastefnu
- Batnandi rekstrarafkoma byggist á auknu framlagi ríkis til málaflokks fatlaðra




Hlutfall launakostnaðar A-hluta



- Hlutfall launakostnaðar af útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum hefur aukist
- Tekjur hafa ekki haldið í við magnaukningu í velferðarþjónustu
- Fjármálastefna gerir ráð fyrir lækkandi hlutfalli sem byggir á að hagræðingaraðgerðir gangi eftir og að málaflokkur fatlaðra verði fjármagnaður með viðunandi hætti




Rekstrartekjur og –gjöld A-hluta



- Eftirspurn eftir þjónustu Reykjavíkurborgar hefur aukist mikið bæði vegna áhrifa faraldursins og skuldbindinga sem lagðar eru á sveitarfélög án þess að tekjustofnar séu styrktir
- Frá og með árinu 2023 er gert ráð fyrir að vöxtur tekna verði umfram vöxt rekstrargjalda




Veltufé frá rekstri og nettó fjárfestingar A-hluti



- Gert er ráð fyrir að ná meira jafnvægi í útgjöldum í gegnum aðgerðaráætlun sem leiðir til hækkunar veltufjár frá rekstri
- Árin 2023-2026 dregur saman með veltufé frá rekstri og nettó fjárfestingum og árið 2027 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði hærri en nettó fjárfestingar
- Til lengri tíma er mikilvægt að veltufé frá rekstri sé sterkt til að mæta afborgunum langtímalána og til að standa undir fjárfestingarþörf




Greiðslugeta A-hluta



- Í fjármálastefnu er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri standi undir afborgunum af lánum og lífeyrisskuldbindingum frá og með árinu 2025




Lántaka og afborganir A-hluta



- Á árunum 2021-2026 er gert ráð fyrir talsverðum lántökum til samræmis við Græna planið
- Frá og með árinu 2025 er gert ráð fyrir að lántaka verði að hámarki 70% af fjárfestingum til samræmis við fjármálastefnu
- Frá og með árinu 2027 eru afborganir umfram ný langtímalán og niðurgreiðsla skulda hefst



Hreinar skuldir A-hluta



- Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímaskuldir og leiguskuldir að frádregnum langtímakröfum og handbæru fé
- Hreinar vaxtaberandi skuldir sem hlutfall af tekjum hækka til ársins 2025 en fara síðan lækkandi



Hagræðingaraðgerðir





Hagræðingaraðgerðir haustið 2022

- Gripið til aðgerða í rekstri í byrjun september vegna halla og erfiðra skilyrða í ytra efnahagsumhverfi:
 - Fjárfestingar dregnar saman um 7 ma.kr. og þar með lántökupörf
 - Gjaldskrár leiðréttar og hækkaðar
 - Samræmdar reglur um ráðningar
 - Hagræðingaraðgerðir kynntar og samþykktar í borgarstjórn vegna fjárhagsáætlunar 2023-2027
 - Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2023-2027 samþykkt í borgarstjórn



Hagræðingaraðgerðir: fjárfestingar

- Hluti af hagræðingu fengin með því að draga saman í fjárfestingu
- Frestun fjárfestinga innan fimm ára áætlunar
 - Grófarhús
 - Hafnarhús
 - Endurgerð Laugardalslaugar
- Stefna borgarinnar er að vaxa út úr vandanum
 - Fjárfestingaáætlunin ársins 2023 nemur um 25 milljörðum króna.
 - Áætlað að fjármagna um 83% fjárfestinga með lántökum á árinu
 - Áhersla á að styðja við vöxt: ný hverfi, skóla og leikskóla
 - Aðgengi að fjármagni á góðum kjörum skiptir máli.



Fjármálastefna 2023-2027





Fjármálastefna Reykjavíkurborgar

Framtíðarsýn:

- Fjármálastjórn Reykjavíkurborgar miði að sjálfbærni til lengri tíma litið. Í því felst að rekstur skili afgangi og borgarsjóður standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma án þess að gegnið sé á eignir eða þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur.

Áherslur:

- Hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með **markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum** miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess.
- Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.



Markmið og megináherslur fjármálastefnu

- Að ná **jafnvægi í rekstri** A-hluta borgarsjóðs og að **veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum** standi undir fjármögnun fjárfestinga, lántökum og öðrum fjárhagslegum skuldbindingum.
- Að uppbygging á þjónustu við fatlað fólk verði markviss og í samræmi skyldur skv. lögum nr. 38/2018 þó þannig að það ógni ekki sjálfbærni í rekstri borgarinnar. Halli af rekstri málaflokksins ógnar að óbreyttu getu borgarinnar til að standa við skuldbindingar laganna um frekari uppbyggingu á þjónustu við fatlað fólk. Í ljósi þess er megináhersla Reykjavíkurbogar að tryggja með samningum við ríkið fulla **fjármögnun á rekstri málaflokks fatlaðs fólks**.
- Að unnið verði að **leiðréttingu á fjármögnun** annarra verkefna sem flust hafa frá ríkinu.
- Að ná fram **hagræðingu í rekstri** með áherslu á að leita hagkvæmustu leiða til útfærslu á þjónustu og rekstri í allri þjónustu borgarinnar og skipulagi um framkvæmd hennar.
- Að ná fram **lækkun launaútgjalda** í hlutfalli af tekjum.
- Að ná fram samræmingu í **innkaupum** og hagkvæmustu lausnum í rekstri þar sem fagleg ábyrgð rekstrar og þjónustu verði endurskoðuð eftir atvikum.
- Að nýta **stafræna umbreytingu** til aukinnar skilvirkni og hagræðingar í rekstri.



Fjármálastefna Reykjavíkurborgar

- Að áherslur borgarinnar í **húsnæðisuppbyggingu** nái fram að ganga.
- Að tryggja að **viðhaldsáætlun** til næstu ára vegna mannvirkja borgarinnar.
- Að **uppbygging á nýjum skólum og leikskólum** verði í forgangi til að tryggja framgang stefnu borgarstjórnar um þróun borgarinnar.
- Að **hönnun og bygging mannvirkja** taki mið af grænum áherslum og eins hagkvæmri nýtingu fjármuna og kostur er án þess að gengið verði á þjónustumarkmið málaflokka.
- Að **fjármagnsskipan** hjá B-hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar verði rýnd og unnin áætlun um að ná fram eðlilegri arðsemi eigin fjár og hagkvæmri samsetningu eiginfjár, skulda og skuldbindinga með hliðsjón af hlutverki og framtíðaráformum fyrirtækjanna.
- Að beita **áhættustýringu** í ríkum mæli til að fylgjast með og tryggja að sjálfbærnimarkmið borgarinnar nái fram að ganga.
- Að beita **fjárhagslegum greiningum, áhættumati og aðgerðaráætlunum** til að tryggja skilvirk viðbrögð við breytingum og þróun í ytra efnahagsumhverfi borgarinnar og áhrifum á fjármálamarkaði og rekstur borgarinnar.



Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar

A-hluti:

- Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
- Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunar-sjóðstekjum frá og með árinu 2025.
- Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
- Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
- Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
- Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.
- Lágmarksstaða handbærs fjár miði við 8 ma.kr

A- og B-hluti:

- Jafnvægisviðmið A- og B-hluta sé jákvætt.
- Skuldaviðmið A- og B-hluta verði ekki hærra en 150% frá og með 2027



Fjárhagsleg markmið 2023-2027

A-hluti markmið

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✗ -6.109	⚠ 2.166	✓ 6.035	✓ 7.067	✓ 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✗ 86%	✗ 82%	✓ 80%	✓ 80%	✓ 79%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✗ 2,1%	✗ 5,9%	✓ 7,6%	✓ 7,8%	✓ 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✗ 0,4	✗ 0,7	✓ 1,1	✓ 1,1	✓ 1,1
5	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	⚠ 83%	⚠ 80%	✓ 65%	✓ 64%	✓ 54%
6	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	✓ 85%	✓ 85%	✓ 86%	✓ 84%	✓ 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	✓ 10.699	✓ 9.317	✓ 8.826	✓ 8.754	✓ 9.572

A- og B-hluti markmið

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Þriggja ára jafnvægisviðmið	> 0	✓ 46.926	✓ 39.325	✓ 44.040	✓ 57.583	✓ 69.745
2	Skuldaviðmið fari ekki yfir 150% af tekjum	< 150%	✓ 141%	✓ 146%	⚠ 152%	✗ 151%	✓ 141%

Fjárfestingar og fjármögnun





Sundurliðun fjárfestinga 2023

Fasteignir og stofnbúnaður		Fjárhæð	% af heild
Menningar og ferðamálasvið		192.000	1%
Skóla- og frístundasvið	Grunnskólar	4.105.000	16%
Skóla- og frístundasvið	Leikskólar	4.735.000	19%
Íþrótt- og tómstundasvið		2.503.000	10%
Velferðarsvið		660.000	3%
Ýmsar fasteignir		105.000	0%
Samtals		12.300.000	
Stofnkostnaður gatna		Fjárhæð	% af heild
Þjóðvegir og aðrar umferðargötur		1.955.000	8%
Nýbyggingarhverfi		2.180.000	9%
Miðborgin		735.000	3%
Umhverfis- og aðgengismál		1.535.000	6%
Umferðaröryggismál		250.000	1%
Umhverfissvið - ýmsar framkvæmdir		2.458.000	10%
Samtals		9.113.000	
Gatnagerðagjöld - tekjur		(2.500.000)	
Aðrar fjárfestingar		Fjárhæð	% af heild
Áhöld og tæki		506.000	2%
Áhöld og tæki og hugbúnaður þON		3.080.000	12%
Áhöld og tæki bílastæðasjóðs		40.000	0%
Lóðir, lönd og skipulagseignir		90.000	0%
Endurbætur, viðhald og átaksverkefni		250.000	1%
Samtals		3.966.000	
Samtals fjárfestingar 2023		25.379.000	0%

- Áfram verði haldið uppi háu fjárfestingastigi með áherslu á viðhald mannvirkja og uppbyggingu skóla- og leikskóla
- Forgangsroðun fjárfestinga taki mið af borgarþróun, þéttingu byggðar og uppbyggingu nýrra hverfa með tilkomu Borgarlínu og að áformum um húsnæðisuppbyggingu verði fylgt eftir
- Haldið verður áfram mikilvægum fjárfestingum í stafrænni umbreytingu á þjónustu borgarinnar, enda arðsemi verkefna talin mikil
- Áhersla verði lögð á að allar fjárfestingar verði metnar m.t.t. arðsemi og langtímaáhrifa þeirra á borgarsjóð, þar með talið afleiddan rekstrarkostnað, umhverfi og samfélag



Fjármögnun 2023

- Lántökuáætlun fyrir árið 2023 hljóðar upp á 21 ma.kr.
- Gert er ráð fyrir að fjármögnun fari fram með útgáfu skuldabréfa á markaði, með beinni lántöku eða með öðrum hætti
- Útgáfuáætlun fyrir fyrri hluta ársins sett fram til að auka fyrirsjáanleika á markaði
 - Útgáfuáætlun fyrir seinni hluta árs verður kynnt á miðju ári
- Ákvörðun um fyrirkomulag hvers útboðs er tekin að teknu tilliti til stöðu framkvæmda og fjárþörf borgarsjóðs á hverjum tíma
- Unnið hefur verið að því að fjölga valkostum þegar kemur að fjármögnun borgarsjóðs
- Samið var um langtímalán að fjárhæð 12 ma.kr. við viðskiptabanka sem nýttast til fjármögnunar fjárfestinga á árunum 2022 og 2023. Þegar er búið að taka 9 ma.kr. að láni.
- Reykjavíkurborg hefur aðgang að 8 ma.kr. yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka til að mæta sveiflum í lausafé innan mánaðar
 - Útsvarstekjur af staðgreiðslu berast Reykjavíkurborg frá Fjársýslu ríkisins að jafnaði nokkrum dögum eftir að launatengd gjöld eru greidd

NASDAQ WELCOMES
CITY OF REYKJAVIK
FIRST GREEN BOND ISSUER
NASDAQ ICELAND



Grænn skuldabréfarammi Reykjavíkurborgar

Uppfærður – Vor 2023



Grænn skuldabréfarammi

- Reykjavíkurborg leggur áherslu á grænar fjárfestingar og sjálfbæra framtíð.
- Reykjavíkurborg var árið 2018 fyrsti útgefandi grænna skuldabréfa í íslenskum krónum.
- Uppfærður rammi unninn í samstarfi við KPMG og vottaður af CICERO
- Tveir grænir skuldabréfaflokkar skráðir í Kauphöll
- Fjármagni úr útgáfu varið til fjárfestinga í grænum verkefnum
- Meðal grænna verkefna er endurbygging Sundhallarinnar og mannvirki í Úlfarsárdal, hjólreiðastígar, bætt orkunýting, hreinar samgöngur, meðhöndlun úrgangs og sjálfbærar landnýtingar



Grænn skuldabréfarammi - Uppfærður

- Uppfærður rammi unninn í samstarfi við KPMG og vottaður af CICERO
- Gert er ráð fyrir að stærsti hluti af grænni fjármögnun verði ráðstafað til fasteignaverkefna auk annarra verkefna sem eldri græni ramminn fjármagnaði
- Breytingar frá fyrri ramma eru m.a. aukin upplýsingagjöf í áhrifaskýrslu, fleiri tegundir vottana á byggingum og ný verkefni, t.d. binding koltvísýrings og verkefni á sviði upplýsingatækni geta flokkast sem græn
- Verkefnahópi hefur verið bætt inn í valferlið en hann samanstendur af fjármála-, framkvæmda- og umhverfissérfræðingum. Verkefnahópnum er ætlað að undirbúa verkefni sem líklegt er að fjármagna megi með grænu fjármagni og leggja fyrir valnefnd



Grænn skuldabréfarammi

Úr umsögn CICERO um uppfærðan ramma Reykjavíkurborgar:

- Við metum uppfærða ramma Reykjavíkurborgar *CICERO Medium Green* og gefum honum *Excellent* fyrir stjórnarhætti.
- Heildareinkunnin endurspeglar að megnið af grænu fjármununum verður ráðstafað til grænna bygginga. Þessi verkefnaflokkur sker sig úr fyrir að fela í sér viðmið fyrir innbyggða losun, endurnýjanlega orkugjafa, hreina samgöngur og vottanir fyrir grænar byggingar.
- Þó að flokkur grænna byggingarverkefna sé með metnaðarfullri forsendur en fyrri rammi, endurspeglar Medium Green betur núverandi skilning okkar á loftslagsáhættu og áhrifum þessara fjárfestinga.
- Í Reykjavík eru öflugar verklagsreglur og stefnur sem veita trausta umgjörð fyrir verkefni sem fjármögnuð eru undir þessum ramma.

SHADES OF GREEN



CICERO
Medium Green


GOVERNANCE ASSESSMENT





25 milljarðar í grænni vaxandi borg fyrir alla

Fjárfesting Reykjavíkurborgar 2023



 **Græna planið**

Á komandi ári mun
Reykjavíkurborg fjárfesta
25 milljörðum í að byggja upp
Vaxandi, græna borg fyrir fólk



Þrír milljarðar í kraftmikla uppbyggingu um alla borg

Fjárfesting Reykjavíkurborgar 2023

1,75 m.a. kr. í græn íbúðahverfi

Stærstu verkefni: Ártúnshöfði, Vogabyggð, Skerjafjörður, Bryggjuhverfi, Úlfarsárdalur, Veðurstofureitur og Hlíðarendi.

1,2 m.a. kr. í athafnasvæði.

Þar af 735 milljónir í verkefni í miðborginni, 110 milljónir í Vísindaborginni í Vatnsmýri og 100 milljónir í Esjumela



Annað | 850.000



Vogabyggð | 500.000



Hlemmur | 500.000



Bryggjuhverfi | 350.000



Ártúnshöfði | 250.000



Laugarvegur | 150.000



Álfabakki | 150.000



Úlfarsárdalur | 125.000



Skerjafjörður | 100.000



Esjumelar | 100.000



Gufunes





Vogabyggð





Hlíðarendi





Ártúnshöfði



Mynd: Ask arkitektar



Skerjafjörður



Mynd: Mandaworks



Helstu uppbyggingarsvæði í Reykjavík 2020-2030

Borgarlínan mun liggja um helstu uppbyggingarsvæði í Reykjavík. Fyrsta framkvæmdalotan mun tengja Ártúnshöfða við miðborgina og er áætlað að nýju leiðarneti Borgarlínunnar ljúki 2025.



-  Uppbyggingarsvæði
-  Borgarlínubraut 1. áfangi
-  Borgarlínubraut 2. áfangi
-  Blönduð umferð í Reykjavík
-  Blönduð umferð í Kópavogi
-  Borgarlínu stoppstöð
-  Borgarlínustöð
-  Strætó





Grænni samgöngur





4,5 milljarðar í grænni samgöngur

Fjárfesting Reykjavíkurborgar 2023



- **4,5 m.a. kr.** í grænni samgöngur
- **1,300 milljónir** í gatnakerfið
- **710 milljónir** í Samgöngusáttmála
- Hjólastígar **550 milljónir**
- Göngustígar innan hverfa **100 milljónir**
- Umferðaröryggi **250 milljónir**
- Bætt götulýsing **150 milljónir**
- Endurnýjun og bætt aðgengi að biðstöðvum Strætó **150 milljónir**



Gatnagerð






Alda – brú yfir Skerjafjörð



Mynd: Efla




Samfélagslegir innviðir





12,5 milljarðar í samfélagslega innviði

Fjárfesting Reykjavíkurborgar 2023



- **Tæplega 5 m.a. kr.** í viðhald og uppbyggingu leikskóla
- **4 m.a. kr.** í viðhald og uppbyggingu grunnskóla
- **190 milljónir** í menningarmál – aðgengismál safna ofl.
- **Tæplega 2 m.a. kr.** í íþróttir og tómstundir - þar af **480 milljónir** í íþróttamannvirki og miðstöðvar
- **660 milljónir** í verkefni Velferðarsviðs, fjölgun hjúkrunarrýma, stækkun Konukots og vistheimili barna
- **363 milljónir** í lýðheilsuverkefni og þróun annara eigna – þar af **100 milljónir** fyrir leikvelli, torg og opin svæði



Viðhaldsáttak í leik- og grunnskólum





Fjárhagsleg samskipti ríkis og borgar





Málaflokkur fatlaðs fólks

- Borgin er eins og flest sveitarfélög landsins að glíma við vanfjármögnun í málaflokki fatlaðs fólks.
- Halli af málaflokki fatlaðs fólks nam 9,3 ma.kr. á árinu 2022
- Þetta er eitt okkar mikilvægasta viðfangsefni, að ná samkomulagi við ríkið um fjármögnun málaflokksins.
- Samanlagður halli af málaflokki fatlaðs fólks á árunum 2011-2022 nemur 35,6 ma.kr., bara hjá Reykjavíkurborg.



Reykjavík